

Atvinnuvegaráðuneytið
b.t. skrifstofu viðskipta og markaða
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 7. nóvember 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á samkeppnislögum (hér eftir „drögin“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 24. október sl. Með frumvarpinu sæta samkeppnislög endurskoðun í fyrsta sinn frá árinu 2020. Breytingarnar sem lagðar eru til með drögunum er hækkun veltumarka tilkynningaskyldra samruna og að veltumörk fari eftir árlegum breytingum á vísitölu neysluverðs. Þá eru einnig breytingar er varða upphæð samrunagjalds og því skipt upp í fleiri þrep en er í núverandi lögum. Að lokum eru lagðar til breytingar er varðar rannsóknarheimildir Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „SE“), málsmeðferðartíma fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála o.fl. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

Málsmeðferðartími áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Í núverandi lögum er kveðið á um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti. Með breytingunni sem lögð er til með drögunum er enn kveðið á um sex vikna málsmeðferðartíma „en ella svo fljótt sem verða má að teknu tilliti til eðlis og umfangs máls“. FA telur mikilvægt að áfrýjunarnefndin haldi sig enn við sex vikur þegar kemur að málmeðferðartíma þar sem mikilvæg mál er um að ræða sem rata á borð til nefndarinnar. Hafa ákvarðanir nefndarinnar mikið vægi fyrir aðila máls og úrlausn hið fyrsta er því undirstrikuð.

Veltumörk tilkynningaskyldra samruna

Með drögunum er lagt til að veltumörk hækki úr 3 milljörðum kr. í 4 milljarða kr. þegar kemur að sameiginlegri heildarveltu samrunaaðila og úr 300 millj. kr. í 400 millj. kr. þegar kemur að lágmarksveltu a.m.k. tveggja aðila að samruna. Þá eigi einnig framvegis, með breytingunni, að vísitölutengja fjárhæðir svo fari eftir neysluverðsvísitölu. FA fagnar því að verið sé að hækka veltumörkin og vísitölutengja við neysluverðsvísitölu. Félagið tekur undir að það sé mikið framfaraskref, líkt og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu, að með því að fjárhæðir veltumarka tilkynningarskyldra samruna hækki í samræmi við hækkun á neysluverðsvísitölu og þær fjárhæðir verði vísitölutengdar. Fari frumvarpið óbreytt í gegn þurfi ekki lengur lagabreytingu í hvert sinn sem hækka eigi umræddar fjárhæðir sem gerir stjórnsýslu og umstang í kringum hverja breytingu einfaldari og skilvirkari.

Líkt og kemur fram í greinargerð voru fjárhæðir síðast endurskoðaðar 2020 og þar áður 2008. Með því að vísitölutengja fjárhæðirnar telur FA að sanngjarnari viðmið verði til grundvallar vegna tilkynningarskyldra samruna sem styðji við náttúrulegt samkeppnisumhverfi hjá atvinnulífinu. Breytingin hefur það í för með sér að SE sé ekki lengur að eltast við samruna sem ættu ekki að vera háðir tilkynningarskyldu. Með breytingunni ætti SE að hafa frekari tök á að

sinna sínum verkefnum á skilvirkari hátt. SE er mikilvæg stofnun fyrir íslenskt atvinnulíf og sinnir veigamiklu hlutverki á samkeppnissviði. Með því að létta á verkefnum hjá SE, eins og fyrirhugað er með breytingunni, fær stofnunin meira ráðrúm að skoða önnur mál sem upp koma. Breytingin styrkir þ.a.l. samkeppniseftirlit og íslenskt atvinnulíf þar sem tilkynna þarf færri samruna og dregur þannig úr reglubyrði.

Lokaorð

Líkt og fjallað er um að ofan þá telur FA breytingarnar vera einkar jákvæðar og til hins góða fyrir atvinnulíf og SE. Fari svo að fjárhæðir sem eiga við þegar um samruna ræðir verði vísitölutengdar neysluverðsvísitölunni verði að lögum, líkt og hér er lagt upp með, ætti það að létta álag á SE og minnka byrðar á atvinnulífið. FA bendir jafnframt á að áfrýjunarnefnd samkeppnismála skuli úrskurða innan sex vikna enda sé það mikilvægt hagsmunamál fyrir hlutaðeigandi aðila.

FA er ávallt reiðubúið til að funda með ráðuneytinu vegna málsins og áskilur sér einnig þann rétt að skila frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur